



## Minnisblað

---

**Varðandi:** Gjaldskrár 2021  
**Málsnr.** 2012274  
**Dags.:** 14.06.2021

Í dag erum við með tvær ólíkar gjaldskrá fyrir í raun sömu þjónustu, frístund 1. – 4. bekkjar og frístund f. börn með stuðningsþarfir í 5. bekk og þar til framhaldsskóla lýkur (dagstarfið). Í frístund er klst. gjald en í dagstarfinu er keyptur dagurinn. Einnig eru verðin á þjónustunni ólík. Klukkutíminn í frístund kostar kr. 345 (lágmarks keyptir tímar í mánuði eru 20 tímar) en í dagstarfinu er einn dagur á kr. 425 (klst ca kr. 122), tveir dagar á kr. 845, þrír dagar á kr. 1.260, fjórir dagar eru á kr. 1.680 og fimm dagar eru á kr. 1.995. Ekkert samræmi er í gjaldskrá fyrir frístund og fyrir dagstarfið fyrir utan að verð á hressingu er það sama kr. 130.

Nú er verið að setja dagstarfið inn í Völu fyrir komandi skólaár og inn í kerfinu getum við haft tvær gjaldskrár en getum ekki verið með tvær ólíkar þ.e.a.s. að önnur sé með klst. gjald og aðra sem greitt er eftir fjölda daga. Þar sem frístundin er komin inn í Völu og þar er verið að nota klst. gjald þá er betra að við notum það einnig með dagstarfið.

Eftir að hafa skoðað hvernig önnur sveitarfélög, Reykjavík, Hafnarfjörður, Kópavogur, Akureyri og Árborg, hafa fyrirkomulagið þá er niðurstaðan þessi að flest sem eru með sömu verðskrá fyrir þessar tvær þjónustur. Að undaskildum Hafnarfirði þar sem það er fast mánaðargjald og í Kópavogi eru þau með klst verð kr. 233 en frístundagjaldráin er miðuð út frá keyptum dögum.

Eins og kemur hér fram fyrir ofan er ekki sama klst. gjald á gjaldskrá Þorpsins (dagstarfinu) en ef keyptir eru 5 dagar er klst. gjaldið kr. 123 en keyptir eru 4 dagar er gjaldið kr. 129, 3 dagar kr. 129, 2 dagar kr. 130 og einn dagur kr. 131. Lagt er til að annað hvort verði fundið meðaltal á klst. verðinu sem væri líklega kr. 128 eða yrði sett í kr. 130.

Virðingarfyllst,

---

Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir  
verkefnastjóri